**Sérreglur um meistararitgerð í Félagsráðgjafardeild sem vísindagrein**

*Samþykktar á deildarfundi 28. febrúar 2013*

Nemandi á þess einnig kost að skrifa grein um lokaverkefni sitt í samráði við leiðbeinanda sinn. Félagsráðgjafardeild hvetur meistaranema til að birta niðurstöður sínar í viðurkenndum ritrýndum fagtímaritum. Leiðbeinandi skal að jafnaði vera fyrsti höfundur enda ber hann ábyrgð á fræðilegum frágangi.

Lokaverkefni samanstendur af einni grein og ítarlegum fræðilegum yfirlitskafla (*literature review*). Í yfirlitskafla skal gerð grein fyrir bakgrunni rannsóknarinnar, tengslum við fyrri rannsóknir og mikilvægi hinnar nýju rannsóknar. Fræðilegt yfirlit skal enda á rannsóknaspurningum verkefnisins.

Greinin skal hafa verið send til birtingar í ritrýnt tímarit.

Þessar sérreglur eru í samræmi við 2. mgr II liðar 14 gr. reglna um meistaranám við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands nr. 643/2011.